



SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Svar við fyrirspurn skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um skipulag stoðþjónustu við borgarrekna leikskóla vegna fasteigna

Á fundi skóla- og frístundaráðs, 16. janúar 2023, var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn fulltrúa Sjálfstæðisflokksins:

Hvert er umgang, eðli og skipulag stoðþjónustu borgarrekinnna leikskóla með tilliti til verkefna sem öllu jafna falla undir starfssvið umsjónarmanna fasteigna? Þessi fyrirspurn er lögð fram í kjölfar samtala sem kjörnir fulltrúar Sjálfstæðisflokksins hafa átt við stjórnendur töluverðs fjölda borgarrekinnna leikskóla þar sem fram hafa komið ábendingar um að allt of mikill tími og orka hjá þeim fari í að sinna verkefnum sem öðru jöfnu eru á verksviði þeirra sem sinna störfum umsjónarmanna fasteigna.

Svar:

Verkefni sem leikskólastjórar eða annað starfsfólk leikskóla getur mögulega þurft að inna af hendi eru listuð upp hér að neðan. Taka skal fram að umhverfis- og skipulagssvið og skóla- og frístundasvið Reykjavíkur leggja sig fram við að einfalda verklag og ná betur utan um þau fjölmörgu verkefni sem koma upp í öllum stofnunum á vegum skóla- og frístundasviðs. Ein tillaga sem er í vinnslu er tilraunaverkefni í einu hverfi þar sem fasteignastjórar hverfamiðstöðva fá til sín viðbótarstöðugildi með því að breyta störfum umsjónarmanna grunnskóla og mynda þar teymi sem þjónustar allar stofnanir á vegum skóla- og frístundasviðs í viðkomandi hverfi.

Verkefni sem ættu að falla undir starfssvið umsjónarmanna fasteigna en leikskólastjórar og annað starfsfólk leikskóla getur þurft að sinna:

- Mokstur og söltun við innganga (innan girðinga) í leikskóla þegar snjór eða hálsa hefur áhrif á aðkomu.
- Mat á viðhaldspörf við gerð árlegra viðhaldsóska sem berast til umhverfis- og skipulagssviðs.
- Samskipti við verktaka sem koma í leikskólann til að sinna verkefnum.
- Umsjón og utanhald á ýmsum viðhaldsverkefnum.
- Ýta á eftir verkefnum sem þarf að inna af hendi í leikskólanum og krefjast sérþekkingar frá utanaðkomandi verktökum eða starfsfólki umhverfis- og skipulagssviðs. Sem og að sjá til þess að þau séu fullkláruð.T.d. gluggaskipti, viðgerðir á tækjum, stífluð klósett o.s.frv.
- Ýmis smáverk eins og að skipta um ljósaperur, laga ofna og stífluð niðurföll.
- Ýmis konar verkefni eins og burður á húsgögnum við skipulagsbreytingar eða eftir framkvæmdir s.s. eftir málun innanhús eða stærri viðgerðir.
- Öll samskipti vegna stækkunar eða framkvæmda sem fara fram í leikskólanum t.d. vegna myglu eða annarra framkvæmda.